

REGLUGERÐ KSÍ fyrir innanhússknattspyrnu - Futsal

1. gr. Almenn ákvæði

Allir leikir í innanhússknattspyrnu á vegum KSÍ skulu fara fram samkvæmt Futsal knattspyrnulögum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, nema annars sé getið í reglugerð þessari.

2. gr. Íslandsmót meistaraflokks

- a) KSÍ skal halda Íslandsmót í meistaraflokki. Mótanefnd KSÍ ákveður skipulag keppinnar eftir fjölda þeirra félaga sem tilkynna þátttöku.
- b) Leikin skal svæðisbundin riðlakeppni.
- c) Eftir riðlakeppni skal fara fram úrslitakeppni samkvæmt ákvörðun mótanefndar.
- d) Mótanefnd er heimilt að láta keppni fara fram með hraðmótsfyrirkomulagi.

3. gr. Íslandsmót yngri aldursflokka

- a) KSÍ skal halda Íslandsmót fyrir 2. – 5. aldursflokk karla og kvenna. Mótanefnd KSÍ ákveður skipulag keppinnar eftir fjölda þeirra félaga sem tilkynna þátttöku.
- b) Leikin skal svæðisbundin riðlakeppni með hraðmótsfyrirkomulagi.
- c) Eftir riðlakeppni skal fara fram úrslitakeppni samkvæmt ákvörðun mótanefndar.

4. gr. Leiktími

- a) Leiktími í meistaraflokki er 2 x 20 mín. og framlenging 2 x 5 mín. og skal stöðva leiktímann í hvert skipti sem knöttur fer úr leik.
- b) Leiktími í hraðmótum:

	Leiktími	Framlenging
Meistaraflokkur	2 x 12 mín.	2 x 3 mín.
2. flokkur	2 x 10 mín.	2 x 3 mín.
3. flokkur	2 x 8 mín.	2 x 2 mín.
4. flokkur	2 x 7 mín.	2 x 2 mín.
5. flokkur	2 x 6 mín.	2 x 2 mín.
6. flokkur	2 x 5 mín.	2 x 2 mín.

Í hraðmótum skal ekki stöðva leiktímann nema dómari gefi merki um slíkt.

Leikhlé í hraðmótum skal vera 1 mínúta.

Mótanefnd er heimilt að breyta leiktíma í einstökum flokkum frá því sem hér er kveðið á um.

5. gr. Dómgæsla.

Heimalið ber ábyrgð á dómurum í svæðiskeppni en KSÍ í úrslitakeppni. Þegar leikið er með hraðmótsfyrirkomulagi ber umsjónaraðili ábyrgð á dómgæslu.

6. gr. Sérákvæði KSÍ um innanhússknattspyrnu samkvæmt Futsal knattspyrnulögum.

- a) Lágmarksstærð leikvallar er 20 m. á breidd og 40 m. á lengd. Mótanefnd KSÍ er heimilt að leyfa keppni á minni leikvöllum í yngri aldursflokkum.
- b) Þegar leikið er með styttri leiktíma öðlast lið rétt til að taka aukaspyrnu á vítamerki 2 samkvæmt 14. grein Futsal knattspyrnulaganna við 4. uppsafnaða brot í stað 6. uppsafnaða brots í hefðbundnum leiktíma. Þetta á alltaf við þegar leikið er í hraðmótsformi.
- c) Ákvæði 12. greinar Futsal knattspyrnulaganna varðandi óbeina aukaspyrnu á markvörð gilda ekki í 5. aldursflokk. Í 5. aldursflokk og yngri flokkum er markverði ávallt heimilt að leika knettinum (eða taka hann með höndum innan eigin vítateigs) eftir sendingu frá samherja.

7. gr. Hlutgengi leikmanna

- a) Allir leikmenn hvers félags eru hlutgengir samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.
- b) Enginn leikmaður má leika með nema einu keppnisliði sama daginn.

8. gr. Mótanefnd.

Mótanefnd KSÍ hefur yfirumsjón með knattspyrnumótum sem leikin eru samkvæmt reglugerð þessari og hefur heimild til að taka lokaákvörðun í málum, sem ekki eru ákveðin í þessari reglugerð.

9. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi tekur þegar gildi skv. 18.gr. laga KSÍ og falla þá úr gildi eldri reglugerðir um innanhússknattspyrnu.